



4. tölublað, apríl 2007

Litli-Hver

Páskablað



Geysir í Stokkhólmi

Laugardaginn 17. mars héldu þau Benedikt Gestsson og Ásta Andrésdóttir til Stokkhólms.

Tilgangur fararinnar var að stofna Evrópuráð Klúbbhúsa. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Stokkhólms mánudaginn 19. mars og tókst vel.

Þar voru staddir félagar og starfsmenn frá ýmsum klúbbhúsum í Evrópu. Einnig var farið í heimsókn til félaga okkar í Fountain House í Stokkhólmi og var vel tekið á móti ferðalöngum. Ferðin tókst vel í alla staði.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Páskamatur

Hinn árlegi páskamatur verður að þessu sinni haldinn laugardaginn 7. apríl nk. Boðið verður upp grafna ýsu í forrétt, lambalæri í aðalrétt og heimalagaðan ís í eftirrétt. Máltíðin kostar 1.500 kr. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að skrá sig á þar til gert blað í móttöku eða með því að hringja í síma 551-5166 fyrir miðvikudaginn 4. apríl.

Vorferð

Þessa dagana er verið að skipuleggja vorferð og er stefnan tekin á Snæfellsnesið að þessu sinni. Ennþá er margt á huldu varðandi ferðina en samkvæmt nýjustu fregnum frá skipuleggjendum virðist Ólafsvík verða líklegur náttstaður ferðalanga. Þar getur klúbburinn fengið til afnota hús í



Ólafsvík á fallegum sumardeggi með Snæfellsjökul í baksýn

hjarta bæjarins á sanngjörnu verði og með góða aðstöðu til alls. Stefnir er að fara í ferðina dagana 14.-16. maí og verður gíst í tvær nætur. Á Snæfellsnesi er margt að skoða og allar hugmyndir um hvað haft verður fyrir stafni eru vel þegnar. Fundur um vorferð verður haldinn miðvikudaginn 11. apríl nk. kl. 11.15 og eru allir áhugasamir um ferðina hvattir til að mæta!

Stefnumótunarfundur

Stefnumótunarfundur um reykingarstefnu í Klúbbum Geysi verður haldinn þriðjudaginn 10. apríl kl. 14.00. Farið verður yfir ákvarðana-tökuferlið innan klúbbsins varðandi reykingastefnuna. Einnig verður rætt um aðstöðu utandyra fyrir reykingafólk. Allir eru hvattir til að mæta.

Opnunartími um páska

Fimmtudagur 5. apríl

Skírdag - Lokað

Föstudagur 6. apríl

Föstudagurinn langi - Lokað

Laugardagur 7. apríl

Páskamatur frá 10-14

Mánudagur 9. apríl

Annar í páskum - Lokað

Húsið verður opnað aftur

þriðjudaginn 10. apríl!

Gleðilega Páska

Fimmtudagur 19. apríl

Sumardagurinn fyrsti - Lokað

Árangurskönnun í apríl

Ákveðið hefur verið að leggja nýja árangurskönnun fyrir félagi í Geysis nú í apríl. Könnunin er sambærileg fyrri könnunum sem lagðar hafa verið fyrir til þess að meta árangur starfseminnar. Hægt er að nálgast spurningalistana á skrifstofunni í byrjun apríl.

Fréttir af húsfundum í mars

1. mars

Farið verður til Stokkhólms til að undirbúa Evrópusamstarf innan ICCD. Lyftumál ganga vel. Búið er að rífa veggj á 1. og 2. hæð. Lyftan sjálf er í tollafgreiðslu. Það tekur um mánuð að ganga frá lyftunni. Þekkingarmiðlun kynnti námskeið í tímastjórnun. Farið verður í leikhús 10. mars. Opið hús verður í kvöld frá 16 til 20.

7. mars

Ákveðið var að fara í tveggja daga vorferð til Stykkishólms. Kynnt var bloggsíða til stuðnings launabaráttu iðjuþjálfá á Landsspítala. Sagt var frá ráðstefnu um atvinnu með stuðningi sem haldin var 5. og 6. mars sl. Fulltrúar Geysis fóru á upplýsingafund úrræðanna í Dvöl. Kynnt var hugmynd um að setja upp markissu fyrir glugga fyrstu hæðar hússins að sunnanverðu svo skjól megi vera á reykingafólki við reykingar utandyra.

14. mars

Fjallað var um fyrirhugað reykinganámskeið. Rætt var um fyrirhugaða vorferð til Stykkishólms. Kynnt var verð á markissum. Hugmynd er um að ganga frá Geysi niður í bæ á kaffihús. Félagslíðanemi er að vinna verkefni um Geysi. Hópur félagslíðanema kemur í kynningu á morgun. Verið er að auglýsa eftir þátttakendum í myndlistasýningu ICCD. Rætt var um hugmyndir að nýju ráðningarferli fyrir RTR.

21. mars

Páskaveisla verður laugardaginn 7. apríl. Búið er að opna skreytingaverkstæði í gamla reykerberginu. Sagt var frá reykinganámskeiði sem verður í boði. Undirbúningur er í gangi vegna vorferðar. Verð á gistinótt verður 2500 kr. Kynntur var hugmyndafundur sem haldinn verður í skrifstofudeild. Farið var yfir félagslega dagskrá í apríl. Framkvæmdir við lyftu ganga vel og er lyftan komin á sinn stað.

Gerð var grein fyrir þeim RTR störfum sem losna á næstunni.

28. mars

Boða þarf skipulagsfund vegna vorferðar. Ákveðið var að fara á Snæfellsnes og er ferðin fyrirhuguð dagana 14. til 16. maí. Námskeið í símsvörun verður þriðjudaginn 24. apríl. Páskamatúr verður 7. apríl. Hvetja þarf alla til að taka þátt í þrifum vegna framkvæmda í húsinu. Rætt var um að selja auglýsingar á heimasíðunni til að afla rekstrarfjár fyrir klúbbinn. Framkvæmdir vegna lyftu verða langt komnar eftir helgi.

Inniskór og yfirhafnir

Óskila inniskór og yfirhafnir hafa verið teknar úr fatahenginu vegna lyftuframkvæmda. Þetta er nú geymt í kassa á skrifstofunni. Félagar sem telja sig eiga þennan fatnað eru beðnir að vitja hans. Í lok apríl verður ósóttur fatnaður sem engin kannast við færður Rauða Krossinum.

Skreytingaverkstæði

Búið er að setja á stofn sérstakt skreytingaverkstæði á annarri hæð þar sem gamla reykerbergið var. Félagar úr öllum deildum klúbbsins geta tekið þátt, fegrað húsið og umhverfi þess.



Ásta og Ingibjörg við skreytingar

Ráðning til reynslu

Starf losnar hjá Hagkaupum 20. maí. Í starfinu felst umsjón með Nammilandi. Vinnutími er frá 9-13. Í félagsmálaráðuneyti er laust starf í lok maí en ekki í byrjun apríl eins og áður var búið að tilkynna. Starfið felst í símsvörun og móttöku. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband og kynna sér störfín. Hægt er að fara og skoða vinnuaðstæður í samvinnu við starfsmenn og félagá.

Fyrirhuguð Námskeið

Hinn 24. apríl verður haldið námskeið í þjónustusímtölum. Farið verður yfir hvernig á að svara í síma og veita þjónustu símleiðis. Elfa Dögg frá Rauða Krossinum stendur fyrir námskeiðinu sem verður milli kl. 13 og 16. Einnig er fyrirhugað að Benedikt verði með námskeið í Publisher, þar sem Hádegisfréttir, Litli-Hver og Gosið er unnið. Námskeiðið verður nánar auglýst síðar á heimasíðu klúbbsins. Áhugasamir geta skráð sig á blað í móttöku eða hringt í síma 551-5166.

ICCD Advisory Council

Hinn 16. apríl halda þeir Kristinn Einarsson og Guðni Helgason á fund Ráðgefandi ráðs ICCD í New York. Meginhlutverk ráðsins er stefnumótun fyrir ICCD, hvernig styrkja megi Klúbbhúsahefinguna og skipulag ráðstefna. Mun þetta án efa styrkja innra starf Geysis en einnig auka vægi hans innan ICCD.

Félagslegt í apríl

Laugardagur 7. apríl

Páskamatúr 10-14. Miðaverð kr. 1.500

Fimmtudagur 12. apríl

Keila. Lagt af stað frá Geysi 16.00

Miðvikudagur 18. apríl

Bíó. Nánar auglýst síðar.

Mánudagur 23. apríl

Töframáttur tónlistar kl. 14.00
Guitar Islancio í Listasafni Íslands

Fimmtudagur 26. apríl

Gönguferð. Lagt af stað frá Geysi
16.00

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og hefjast klukkan 09.00. Munið frían morgunmat frá 9.00 til 9.30
Allir að mæta

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagá til að mæta á fundina.

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagá til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Allir að mæta!!!

Klúbburinn Geysir er opin allá virka daga frá kl. 08:30 - 16:00,
nema föstudaga er lokað kl. 15:00.

